

Kjörstjórn sameiningarkosninga Borgarbyggðar og Skorradalshrepps

3.fundur haldinn 23.júlí 2025 kl: 15:30 á Teams

3. fundur kjörstjórnar í sameiningarkosningum Borgarbyggðar og Skorradalshrepps var haldinn með sameiningarnefndinn.

Mættir voru: Sveinbjörn, Óli Rúnar, Sóley, Ólafur Páls og Fjóla.

Farið var yfir umboð sameiginlegrar kjörstjórnar sem m.a. hefur umboð til að sena tilkynningu til þjóðskrár og senda auglýsingu í Lögbirting.

Rætt um hverjir muni sitja yfir kjörkassa.

Óli Rúnar ræddi um 5.gr. í reglugerð um íbúakosningar 922/2023 2.m.gr að ekki er heimilit að leita til starfsmanna sveitarfélagsins vegna íbúakosninga.

Guðveig talar um að ef ekki er hægt að nýta starfsfólk sveitarfélagsins þá yrði að ramma inn kjördaga þar sem hægt væri að manna.

Leita á að svara við þessari túlkun Óla Rúnars til Innviðarráðuneytisins.

Sóley talar um að það skipti máli með kjörskránnar að hún verði útbúin eftir kjördeildum ef það á að vera opin kjörstaður á sama tíma.

Jón tekur undir orð Sóleyja og að það þurfi ekki að vera opið eins í sveitarfélögunum, það þurfi bara opna á sama tíma og loka á sama tíma síðasta daginn, aðrir dagar geta verið ólíkir.

Óli Rúnar nefnir að kjörstaður þurfi að vera innan sveitarfélagsins og þá er útilokað að nota skrifstofu Skorradalshrepps.

Sveinbjörn talar um að það skipti máli að ganga úr skugga um að starfsmenn sveitarfélagsins megi sinna kosningum á opnunartíma skrifstofu því að í 5.gr reglugerð um íbúakosningar 922/2023 standi að kjörstjórn meg fela starfsmönnum sveitarfélagsins ákveðin verkefni. Kjörstjórn þarf að vita úr hvað miklu hún hefur að spila í framgangi kosninga.

Jón Hrói talar um að úr jöfnunarsjóði hafi kjörstjórn um 5.000.000 kr.- til að nota í kosningar.

Óli Rúnar talar um að hann sé búir að reikna út að ef kjörstjórn situr yfir kjörkassa í 10 daga þá kosti það um 8.000.000 kr.- og sveitarstjórn beri þann kostnað eftir höfðatölu.

KMPG túlkar í 5.gr reglugerð um íbúakosningar 922/2023 að það megi leita til starfsmanna sveitarfélagsins og það hafi verið gert þannig t.d. í Vesturbyggð og Skagabyggð.

Sveinbjörn gerði það að tillögu sinn að hann og Fjóla myndu hittast og sjóða saman tillögu að framgangi kosninga og leggja fyrir kjörstjórn á næsta fundi sem síðan færi svo til sveitarstjórnar.

FB
OP
GR
BBS